

Sveitarfélagið Stykkishólmur
Kristín Þorleifsdóttir
Hafnargötu 3
340 Stykkishólmi

Garðabær, 20. október 2025
202509-0150/Á.G.
08.06

Efni: Ósk um umsögn - Aðalskipulag og deiliskipulag - Tillaga - Kallhamar-Hamraendar - 1027/2024 og 1029/2024. Deiliskipulag – Tillaga – Hamraendar – 1030/2024 - Sveitarfélagið Stykkishólmur.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Stykkishólmsbæjar er barst 24. september sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi og útfærslu á deiliskipulagi Við Kallhamar-Hamraenda - 1027/2024 og 1029/2024 innan sveitarfélags Stykkishólms..

Í greinargerð kemur fram að um sameiginlega skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar breytinga á Aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 og deiliskipulagsáætlana fyrir athafnasvæðin við Kallhamar (A3), Hamraenda (A1) sé að ræða. Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir athafnasvæði og tekur til núverandi byggðar við Hamraenda og teygir sig yfir óbyggt svæði í suðvesturátt.

Vistgerðir og fuglalíf

Fjölbreyttar vistgerðir finnast á svæðinu og bendir Náttúruverndarstofnun sérstaklega á lyngmóavist (L10.8), starungsmýravist (L8.9) og stinnastaravist (L9.1) í því sambandi.

Lyngmóavist er rík af æðplöntutegundum. Hún styður almennt við allríkt fuglalíf þar sem algengustu varpfuglar eru þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), spói (*Numenius phaeopus*), heiðlóa (*Pluvialis apricaria*), lóuþræll (*Calidris alpina*) og rjúpa (*Lagopus mutus*). Vistgerðin hefur hátt verndargildi.

Starungsmýravist er miðlungsrík af tegundum æðplantna, fremur rík af mosum en fléttutegundir frekar fáar. Ríkulegt fuglalíf er í vistgerðinni en algengustu varpfuglar þar eru lóuþræll, spói, þúfutittlingur, hrossagaukur, jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*). Vistgerðin hefur mjög hátt verndargildi.

Stinnastaravist er fremur rýr, smápýft og þurrt, mosaríkt graslendi vaxið stinnastör og fleiri gras- og mólendistegundum. Vistgerðin er miðlungsrík af æðplöntutegundum en fremur fátæk af mosum og fléttum. Miðlungsríkt fuglalíf þar sem algengustu varpfuglar eru spói, þúfutittlingur, hrossagaukur, lóuþræll og heiðlóa. Vistgerðin hefur miðlungshátt verndargildi.

Vistgerðirnar eru allar á lista Bernarsamningsins, sem Ísland er aðili að, frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Náttúruverndarstofnun bendir á að mófuglum eigi undir högg að sækja á landsvísu og telja vísindamenn að búsvæðaeýðing hafi þar mikið að segja. Mófuglategundirnar heiðlóa, lóupræll, spói, jaðrakan og stelkur eru ábyrgðartegundir Íslands¹ þar sem um eða yfir 20% af Evrópustofni þeirra verpir hér á landi. Heiðlóa og lóupræll eru jafnframt forgangstegundir í viðauka Bernarsamningsins yfir tegundir sem þarfnast sérstakrar búsvæðaverndar.

Þar sem framkvæmdasvæðið inniheldur vistgerðir sem eru oft búsvæði margra mófugla er mikilvægt að halda framkvæmdum — ef af þeim verður — í lágmarki á varptíma. Stofnunin bendir á góða samantekt forstöðumanns Rannsóknaseturs HÍ á Suðurlandi um hvernig skal taka tillit til mófugla á varptíma og bera sig að við framkvæmdir.²

Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillöggunni og sömuleiðis hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.

Fráveita og úrgangur

Líkt og nefnt er í greinargerðinni er afar mikilvægt að huga vel að fráveitu og úrgangsmálum til að lágmarka áhrif á verndarsvæði, þ.e. fjörur Breiðafjarðar og alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði. Slakur frágangur getur ekki einungis spillt verndargildi Breiðafjarðar heldur einnig haft ábein áhrif á vistkerfið, t.a.m. ef mávar eða aðrir afræningjar gera sig heimakomna á svæðinu. Mávar éta bæði egg og unga ýmissa fugla og gætu mögulega valdið vandkvæðum fyrir flugumferð á flugvellinum við hliðina á svæðinu.

Landnotkun og verndun

Landnotkun og verndun er skilgreindur umhverfispáttur í greinargerðinni þar sem áhrif fyrirhugaðra framkvæmda eru talin jákvæð. Þar stendur t.d. að „með því að staðsetja byggingar ekki nærri fjöru er verndarsvæðum hlíft að mestu“ og að „bryggja mun fara inn á verndarsvæði Breiðafjarðar“. Stofnunin setur spurningamerki við það að þessi umhverfisáhrif séu metin jákvæð, þar sem greinilega er gengið á vernd svæðisins. Augljóst er að uppbygging á svæðinu styðji við markmið sveitarfélagsins um uppbyggingu atvinnustarfsemi en spurningamerki má setja við það að landnotkun og verndun séu metnir saman í umhverfismatinu og að niðurstaðan sé í heild jákvæð.

Loftgæði og hljóðvist

Þessi umhverfispáttur virðist einungis metinn út frá áhrifum á íbúa sveitarfélagsins, en hljóðvist getur einnig haft áhrif á fugla og annað dýralíf.

Sjávarlífverur

Ekki er að sjá að áhrif á sjávarlífverur vegna uppbyggingar bryggju og þar af leiðandi aukinnar skipa- og bátaumferðar í nágrenninu hafi verið metin. Náttúruverndarstofnun bendir á samráð við Hafrannsóknastofnun vegna þessa.

Fornleifar

Náttúruverndarstofnun bendir á að innan svæðisins eru fornminjar sem taka þarf tillit til við áframhaldandi vinnu við skipulagningu svæðisins.

¹ Náttúrufræðistofnun – Forgangstegundir fugla

² Tómas Grétar Gunnarsson, 7. maí 2025. Að taka tillit til mófugla á varptíma, Þoka. Sótt 28. ágúst

Virðingarfyllt,

Ármann Guðmundsson

sérfræðingur

Fróði Guðmundur Jónsson

sérfræðingur